

Nd.

711. Nefndarálit

[364. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi fyrirvara:

Ljóst er að fjárhagsstaða verulegs hluta bænda er afar slæm. Er þar einkum um að ræða yngri bændur og aðra þá sem lagt hafa í mikla fjárfestingu og byggt upp á búum sínum undanfarin ár. Þessu til viðbótar hefur harkaleg kjaraskerðing og okurvaxtastefna núverandi ríkisstjórnar verið bændum þung í skauti. Einnig má nefna erfiðleika í markaðsmálum hefðbundinna búgreina sem að verulegu leyti eru afleiðing af skertum kaupmætti almennings og lækkandi niðurgreiðslum í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Að öllu þessu samanlögðu og fleira, sem nefna mætti, er ljóst að gera verður stóráttak til að koma fjárhagsstöðu landbúnaðarins í eðlilegt horf. Gerbreyta verður um stefnu í vaxtamálum og veita þeim bændum, sem eiga í mestum erfiðleikum, löng og hagstæð lán í stað bráðabirgðaskuldbreytinga undanfarinna ára. Slíkar aðgerðir þurfa að taka mið af félagslegum aðstæðum og stuðla að því að jafna kjör innan stéttarinnar.

Minni hl. telur því að óhjákvæmilegt sé að grípa til víðtækra ráðstafana vegna bágs og versnandi fjárhags bænda en hefur fullan fyrirvara á um að Stofnlánadeild landbúnaðarins geti ein og óstudd ráðið við það verkefni. Rétt er og að minna á í þessu sambandi að á yfirstandandi þingi velti ríkisstjórnin allri byrðinni af forfalla- og afleysingaþjónustu bænda yfir á Stofnlánadeild. Jafnframt er nú mikil þörf á fjármagni til uppbyggingar í nýjum búgreinum og er Stofnlánadeild, eða öllu heldur þyrfti að vera, á næstu árum með verulega aukin útlán á því sviði.

Það er einnig varhugavert að gera því skóna að draga meg svo mjög úr þeirri eðlilegu og nauðsynlegu endurnýjun sem hlýtur að eiga sér stað í hefðbundnum landbúnaði að mikið svigrúm skapist af þeim sökum. Hver sú atvinnugrein, sem hafa á eðlilega þróunarmögu- leika og eiga sér lífsvon, þarf að geta endurnýjað framleiðslutæki sín og nýtt sér kosti tækniþróunar og framfara.

Pá má einnig benda á að tekjur Stofnlánadeildar eru viss hundraðshluti af umsvifum í landbúnaði og eru því minnkandi tekjustofn á tímum samdráttar.

Minni hl. telur eðlilegt að skuldbreytingarlán bænda séu á sama stað og fjárfestingar- eða stofnlán þeirra.

Með fyrirvara um að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði gert fjárhagslega kleift að gera þær ráðstafanir í þessu sambandi sem nauðsynlegar eru mælir minni hl. með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 1. apríl 1986.

Steingrímur J. Sigfússon,
fundaskr.